

# Lög

## um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmeningarseturs, þjónustustöðvar).

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012.

##### 1. gr.

2. gr. laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.

##### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Í stað orðanna „Verkefni Fjölmeningarseturs eru meðal annars að“ í 1. mgr. kemur: Vinnumálastofnun annast framkvæmd laga þessara, undir yfirstjórn ráðherra, og skal stofnunin í því sambandi meðal annars.
- Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Framkvæmdaraðili*.

##### 3. gr.

Í stað orðanna „Fjölmeningarsetur“, „Fjölmeningarsetri“ og „Fjölmeningarseturs“ í 1.–4. mgr. 3. gr. a, 1. og 2. másl. 1. mgr. og 2.–4. mgr. 3. gr. b, 1. mgr. 7. gr. og 9. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarmynd: Vinnumálastofnun.

##### 4. gr.

Í stað orðanna „Forstöðumaður Fjölmeningarseturs“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Forstjóri Vinnumálastofnunar eða fulltrúi hans.

##### 5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögum orðast svo:

Við gildistöku ákvæðis þessa skal Fjölmeningarsetur lagt niður og tekur Vinnumálastofnun við hlutverki, verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Fjölmeningarseturs.

Ákvarðanir sem Fjölmeningarsetur hefur tekið halda gildi sínu eftir gildistöku ákvæðis þessa.

Starfsfólk Fjölmenningsseturs sem er í starfi við gildistöku ákvæðis þessa verður starfsfólk Vinnumálastofnunar með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Um rétt starfsmanna til starfa hjá Vinnumálastofnun fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Ákvæði 7. gr. þeirra laga gilda þó ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt ákvæði þessu.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. verður embætti forstöðumanns Fjölmenningsseturs lagt niður við gildistöku ákvæðis þessa.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II–IV í lögunum falla brott.

## II. KAFLI

### **Breyting á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006.**

7. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Vinnumálastofnun skal reka þjónustustöðvar um land allt og skal minnst ein þjónustustöð vera á hverju eftirtalinna landsvæða: Austurlandi, höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra, Suðurlandi, Suðurnesjum, Vestfjörðum og Vesturlandi.

8. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2023.

---

*Samþykkt á Alþingi 31. mars 2023.*